



UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð
Sendandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Tillaga fulltrúa flokks fólksins um aðgengismál fatlaðs fólks

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 25. ágúst 2022, var lögð fram meðfylgjandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál fatlaðs fólks.

Tillögunni var vísað til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar með bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu þann 1. september 2022.

Umsögn:

Aðgengis og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík bendir á að aðgengisstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022. Í aðgengisstefnu eru fjölmargar aðgerðir sem snúa að aðgengi í borgarlandi. Nefndin telur mikilvægt sé að úttektir séu gerðar í samræmi við aðgengisstefnuna þar sem horft sé til ólíkra og fjölbreyttra aðgengisþarfa. Nefndin tekur undir að fatlað fólk skuli njóti sama aðgengis og ófatlaðir líkt og greint er frá í aðgengisstefnu borgarinnar.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur til að tillögu Flokks fólksins verði vísað frá á þessum forsendum.

Hjálagt: Tillaga ásamt fylgiskj.



Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál fatlaðs fólks - umsagnarbeiðni

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 25. ágúst s.l., var meðfylgjandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar, sbr. 6. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs s.d.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að mannréttinda- ofbeldisvarnarráð geri athugun á aðgengismálum fatlaðra. Jafnframt að farið verði í skipulagða úttekt í miðborginni á hvaða staðir það eru þar sem ekki er hægt að koma við hjólastól og þar sem hættur leynast fyrir sjónskerta svo fátt eitt sé nefnt. Fulltrúi Flokks fólksins finnst afar brýnt að aðgengismál fatlaðra verði bætt. Í gær setti hreyfihamlaður einstaklingur sig í samband við borgarfulltrúa Flokks fólksins vegna þess að viðkomandi einstaklingur getur ekki sótt Grasagarðinn í Laugardalnum. Viðkomandi einstaklingur þarf að hafa breitt bílastæði til að geta nýtt stæðið. Á þessum stað eru P merktu stæðin jafnbreið og venjuleg stæði. Þessi einstaklingur hefur ítrekað bent borgaryfirvöldum á þetta en ekkert gerst og hann enginn svör fengið. Af þessu að dæma þá mætti bæta samskiptin á vef Reykjavíkurborgar varðandi kvartanir vegna aðgengismála fatlaðra. Mögulega með sérstakri ábendingargátt.

Óskað er eftir að umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um tillöguna berist innan 21. dags.

Virðingarfyllt,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 30. júní 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál fatlaðs fólks:

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda- ofbeldisvarnarráð geri athugun á aðgengismálum fatlaðra. Fulltrúa Flokks fólksins finnst aðgengismál fatlaðra enn í nokkrum ólestri í Reykjavík og merkingar í samræmi við það. Flokkur fólksins leggur til að farið verði í skipulagða úttekt í miðborginni á hvaða staðir það eru þar sem ekki er hægt að koma við hjólastól og þar sem hættur leynast fyrir sjónskerta svo fátt eitt sé nefnt. Fatlað fólk á að hafa sömu réttindi og ófatlaðir sem þýðir að fatlaðir eiga að hafa aðgengi að sömu stöðum og ófatlaðir. Flokkur fólksins telur að aldrei sé hægt að sætta sig við þá stöðu að aðeins ákveðnir staðir séu fyrir fatlað fólk. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ætti að beita sér af krafti til að koma aðgengismálum í fullnægjandi horf. Setja þarf í þetta aukið fjármagn og setja málaflokkinn sjálfan í mun meiri forgang en verið hefur. Árlega er veitt í málaflokkinn 69 milljónum. Þessa upphæð þarf að hækka til að hægt sé að gera átak í aðgengismálum. Borgin þarf einnig að skoða að gera kröfur til stofnana og fyrirtækja í borginni um að hafa aðgengismál í lagi. Sé það ekki, þá þarf að koma til hvatning af einhverju tagi og jafnvel einhvers konar þrýstingur. MSS22060242